

# Könnunarviðræður um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps

Niðurstaða verkefnisstjórnar og forsendur  
30. maí 2024

# Um verkefnið

Í desember 2023 ákvað sveitarstjórn Borgarbyggðar og í febrúar 2024 ákvað meirihluti Skorradalshrepps að hefja könnunarviðræður um mögulega sameiningu. Samið var við KPMG um að leiða verkefnið.

Markmið verkefnisins er að draga saman forsendur og gögn sem gera sveitarstjórnnum sveitarfélaganna tveggja kleift að taka ákvörðun um hvort hefja eigi formlegar sameiningarviðræður.




## Verkefnisstjórnun

Gerð verkefnisáætlunar, skipulagning funda, samskipti við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, innviðaráðuneyti og aðra hagsmunaaðila í samstarfi við formann verkefnisstjórnar.



## Greining og stöðumat

Rýna núverandi stöðu á grundvelli fyrirliggjandi gagna og kortleggja áherslur, áskoranir og tækifæri. Sjónarmið íbúa og annarra hagsmunaaðila er aflað.



## Mótun framtíðarsýnar

Áhrif sameiningar á stjórnsýslu, þjónustu og fjárhag metin og dregin upp mynd af kostum og ókostum fyrir íbúa.



## Tillaga og ákvörðun

Mótuð tillaga til sveitarstjórna sem taka ákvörðun um það hvort hefja skuli formlegar viðræður.

# Áfangaskipt ferli – óformlegar viðræður

## Verkefnisstjórn

### Lykil þættir:

- Endanleg gerð verkefnisáætlunar, skipulagning funda, viðtala og stjórnun verkefnis.
- Gert er ráð fyrir að verkefnisstjóri fundi með verkefnisstjórn hálfsmánaðarlega á verk tímanum.
- Verkefnisstjóri mun sjá um samskipti við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, innviðaráðuneyti og aðra hagsmunaaðila í samstarfi við formann verkefnisstjórnar.

Allan verkefnistímann

## Greina

### Lykil þættir:

- Rýna núverandi stöðu. Áherslur, áskoranir og tækifæri
  - Stjórnsýsla og fjármál
  - Fræðslu- og félagsþjónusta
  - Atvinnulíf, innviðir og byggðapróun
  - Umhverfis- og skipulagsmál
- Leitast er við að draga fram kosti og ókosti núverandi stöðu sveitarfélaganna.
- Haldnir verða íbúafundir í hvoru sveitarfélagi þar sem aflað verði upplýsinga og sjónarmiða þeirra.

Áætlaður tími ~ janúar-mars 2024

## Móta

### Lykil þættir:

- Rýna valkosti og þróa sviðsmyndir til framtíðar á vinnustofu
  - Óbreytt ástand
  - Sameinað sveitarfélag
- Skilgreina lykil þætti frammistöðu - í hverju felst góður árangur - s.s. varðandi:
  - Samfélag
  - Umhverfi
  - Þjónustu
  - Fjármál og stjórnarhættir
- Setja fram skýra sýn, metnað og markmið varðandi framtíðar stöðu

Áætlaður tími ~ mars-apríl 2024

## Tillaga og ákvörðun

- Lögð fram tillaga sem kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnnum taka afstöðu til og ákveða hvort fram fari atkvæðagreiðsla meðal íbúa um sameiningu sveitarfélaganna.

Áætlaður tími maí-júní 2024

Verkefnastjórnun

# Verkefnishópur

Skipaður var verkefnishópur til að leiða óformlegar viðræður um sameiningu sveitarfélaganna og vinna mat á því hvort fýsilegt er að hefja formlegar viðræður um sameiningu skv. 119. gr. sveitarstjórnarlaga sem lyki með íbúakosningu

Verkefnishópurinn fundaði sex sinnum á verkefnistímanum. Haldnir voru tveir samráðsfundir með íbúum í Skorradalshreppi og einn samráðsfundur í Borgarbyggð, auk sameiginlegs kynningarfundar í félagsheimilinu Brúnum.

Verkefnishópurinn hefur lokið störfum og leggur til við sveitarstjórnirnar að gengið verði til formlegra viðræðna um sameiningu.

## Verkefnishópur:

- Guðveig Eyglóardóttir, frá Borgarbyggð
- Ragnhildur Eva Jónsdóttir, frá Borgarbyggð
- Jón Einarsson, frá Skorradalshreppi
- Guðný Elíasdóttir, frá Skorradalshreppi

Lilja B. Ágústsdóttir var starfsmaður verkefnishóps en enginn formaður valinn

# Hvers vegna sameiningarviðræður?

## Stefna stjórnvalda


Stefna stjórnvalda er að stuðla að aukinni sjálfbærni sveitarfélaga. Í því skyni er stefnt að því að ekkert sveitarfélag verði undir 1000 íbúum. Sveitarfélögum undir 250 íbúum er gert að hefja viðræður um sameiningu eða skila álitni þar sem gerð er grein fyrir getu sveitarfélagsins til að sinna lögbundnum verkefnum og tækifærum sem felast í sameiningu.

## Vaxandi kröfur til sveitarfélaga

Lagakröfur varðandi skyldur sveitarfélaga eru alltaf að aukast, bæði varðandi verkefni og þær formkröfur sem gerðar eru í stjórnsýslu. Dæmi um slíkar kröfur eru kröfur varðandi sorphirðu og brunavarnir. Jafnframt eru vaxandi kröfur um upplýsingagjöf, málsmeðferð, skjalavistun og ábyrga fjármálastjórn.

## Aukin áhersla á sjálfbærni

Vaxandi áhersla er á að sveitarfélög séu sjálfbær í fjárhagslegu, félagslegu og umhverfislegu tilliti. Stærri sveitarfélög eru líklegri til að geta nauðsynlega þjónustu og staðið undir kostnaði við veitingu hennar en minni sveitarfélög.



## Kröfur íbúa til þjónustu

Íbúar hafa betra aðgengi að upplýsingum en áður, þekkja betur rétt sinn og gera meiri kröfur. Þeir bera þjónustu síns sveitarfélags saman við þjónustu annarra sveitarfélaga og vilja sambærilega þjónustu ef hún er betri.

## Sameiginlegir hagsmunir

Sameiginlegir hagsmunir og góð reynsla af samstarfi sveitarfélaga í byggðasamlögum og öðrum samstarfsverkefnum leiðir oft til þess að sveitarstjórnarfolk skoðar sameiningu. Samstarfsverkefnum fylgir oft kostnaður og það hallar á lýðræðið þegar ákvörðunarvald er fært til byggðasamlags eða annars sveitarfélags.

## Erfitt að manna hlutverk

Minnkandi áhugi á sveitarstjórnarmálum og þátttöku í nefndarstörfum gerir sveitarstjórnnum minni sveitarfélaga erfitt fyrir að manna nefndir og hlutverk fulltrúa sveitarfélagsins í samstarfsnefndum og stjórnnum félaga.

# Sameiningarviðræður

## Óformlegar sameiningarviðræður

- Ólögbundið ferli.
- Könnunarviðræður.
- Mat á kostum og ókostum mismunandi sameiningarvalkosta.
- Íbúafundir og samráð.
- Möguleiki á stuðningi úr Jöfnunarsjóði.
- Sveitarstjórnir geta hætt þátttöku hvenær sem er.

## Formlegar sameiningarviðræður

- Lögbundið ferli (119. gr. Sveitarstjórnarlaga).
- Sveitarstjórnir viðkomandi sveitarfélaga skipa samstarfsnefnd sem vinnur að undirbúningnum.
- Mat á kostum og ókostum sameiningar.
- Íbúafundir og samráð.
- Jöfnunarsjóði er skylt að veita framlög.
- Endar með kosningum íbúa um tillöguna.

**Tekur um 4-6 mánuði. Áætluð verklok í maí/júní 2024**

**Tekur um 12 mánuði fram að kosningum.**

**Undirbúningur innleiðingar tekur um 12 mánuði fram að sveitarstjórnarkosningum.**

# Formlegar viðræður - ferli



## Ákvörðun um viðræður

Júní 2024

Sveitarstjórnir ákveða að taka upp formlegar viðræður og skipa samstarfsnefnd um sameiningu.

## Sameiningarkosning

Mái 2025

Íbúar kjósa um sameiningartillögu. Einfaldur meirihluti þeirra sem greiða atkvæði ræður niðurstöðunni sem er bindandi.



## Kynning

Apríl 2025 - maí 2025

Samstarfsnefnd kynnir álit sitt á áhrifum sameingar og framtíðarsýn fyrir sameinað sveitarfélag fyrir íbúum. Kynningarefni og íbúafundir.



## Undirbúningur

Mái 2025 - maí 2026

Ef sameiningin er samþykkt er skipuð undirbúningsstjórn sem vinnur að undirbúningi gildistöku og innleiðingu.



## Tillögugerð og álit

Júní 2024 - apríl 2025

Samstarfsnefnd vinnur að álit og undirbúningi atkvæðagreiðslu. Stöðumat og greining á fjárhag sveitarfélaganna. Samráð er haft við íbúa, starfsfólk og hagaðila eftir þörfum.



## Gildistaka

Júní 2026

Sameining tekur gildi þegar ný sveitarstjórn tekur við stjórn sveitarfélagsins, 15 dögum eftir sveitarstjórnarkosningar.

00


# Stöðugreining




01

# Stjórnskipulag og stjórnýsla

# Skipurit Borgarbyggðar



# Skipurit Skorradalshrepps



# Fulltrúar í nefndum, ráðum og stjórnnum

	Nefndir og notendaráð	Stjórnir og undirnefndir	Fulltrúar í samstarfsnefndum o.fl.
<b>Borgarbyggð</b>	Byggðaráð Fjallskilanevnd Borgarbyggðar Velferðarnevnd Borgarbyggðar Fræðslunefnd Borgarbyggðar Skipulags- byggingarnevnd Umhverfis- og landbúnaðarnevnd Yfirkjörstjórn Borgarbyggðar Undirkjörstjórn Borgarneskjördeildar Undirkjörstjórn Kleppjárnsreykjakjördeildar Undirkjörstjórn Lindartungukjördeildar Undirkjörstjórn Þinghamarskjördeildar Ungmennaráð Öldungaráð Fjölmenningarráð	Húsnefnd Brúnar* Húsnefnd Lindartungu Húsnefnd Lyngbrekku Húsnefnd Þinghamars Fjallskilanevnd Álftaneshrepps. Fjallskilanevnd Borgarhrepps, Norðurárdals vestan Norðurár og Stafholtstungna vestan Norðurár. Fjallskilanevnd Hálsasveitar og Reykholtisdals. Fjallskilanevnd Hraunhrepps. Fjallskilanevnd Kolbeinsstaðahrepps. Fjallskilanevnd Lundarreykjadals, Bæjarsveitar og Andakíls. Fjallskilanevnd Norðurárdals sunnan Norðurár, Stafholtstungna sunnan Norðurár, Þverárhliðar og Hvítársíðu. Sjálfseignarstofnun Arnarvatnsheiðar og Geitlands Húsaværdunarsjóður Borgarbyggðar Stjórn Menningarsjóðs Borgarbyggðar Stjórn fólkvangsins í Einkunnum	Almannaþingarnefnd Borgarfjarðar og Dalabyggðar Heilbrigðisnefnd Vesturlands Fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands Fulltrúaráð Fjölbrautaskóla Vesturlands Fulltrúaráð Háskólans á Bifröst Stjórn Háskólans á Bifröst Stjórn Brákarhlíðar, dvalarheimilis aldraða. Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga Stjórn Faxaflóahafna Stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar Stjórn Nemendagarða Menntaskóla Borgarfjarðar Stjórn Snorrastofu Ses. Stjórn Þróunarfélags Grundartanga Stjórn Samband Sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV)
<b>Skorradalshreppur</b>	Skipulags-, byggingar- og umhverfisnefnd Fjallskilanevnd Skorradalshrepps. Kjörstjórn Skorradalshrepps	Húsnefnd Brúnar*	Landsþing Sambands Íslenskra Sveitarfélaga Almannaþingarnefnd Borgarfjarðar og Dalabyggðar Fulltrúaráð Fjölbrautaskóla Vesturlands Stjórn Brákarhlíðar, dvalarheimilis aldraða. Stjórn Samband Sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) Stjórn Snorrastofu Ses.

\* Sameiginlegar nefndir Borgarbyggðar og Skorradalshrepps

# Staða lögskyldra áætlana og verkefna hjá sveitarfélögunum

Hér má sjá stöðu lögskyldra áætlana og verkefna hjá sveitarfélögunum, vert er að hafa í huga að listinn er ekki tæmandi en hann gefur ákveðna innsýn í stjórnslulega stöðu.



	Borgarbyggð	Skorradalshreppur
Samþykkt um stjórn (í gildi frá)	2022	Vantar
Aðalskipulag (í gildi til)	2022	2022
Húsnæðisáætlun (fyrir árið)	2023	2024
Jafnlaunavottun (í gildi til)	2024	Á ekki við
Loftslagsstefna (í gildi til)	2040	Vantar
Grunnskólastefna (í gildi til)	2020	2020
Leikskólastefna (í gildi til)	2020	2020
Jafnréttisáætlun (í gildi til)	2023	Vantar
Þjónustustefna (í gildi frá)	2024	Vantar
Barnaverndarþjónusta/lágmark*	2024	2024

\* Gengið hefur verið frá samningi um Barnaverndarþjónustu Vesturlands sem gert er ráð fyrir að taki til starfa á árinu 2024.

**02**

# **Fyrirkomulag þjónustu**

# Þjónustusamningur sveitarfélaganna



Skorradalshreppur og Borgarbyggð hafa gert með sér samning um að Borgarbyggð veiti íbúum Skorradalshrepps flesta þá þjónustu sem sveitarfélaginu ber að veita, auk nokkurra þjónustupáttanna sem ekki eru lögskyld verkefni.

Með samningnum framselur Skorradalshreppur vald til töku ákvarðana til sveitarstjórnar Borgarbyggðar.

Samningurinn nær til eftirtalinna verkefna:

## Lögskyld verkefni þar sem Borgarbyggð telst vera leiðandi sveitarfélag:

- a) Málefni grunnskóla, þar á meðal tómsunda- og félagsstarf nemenda sem og frístundaheimili (þó ekki skólaakstur fyrir nemendur úr Skorradalshreppi).
- b) Félagsþjónusta
- c) Barnaverndarþjónusta
- d) Þjónusta við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir
- e) Brunavarnir

## Önnur þjónusta sem Borgarbyggð veitir íbúum Skorradalshrepps aðgang að:

- a) Leikskóli
- b) Tónlistarskóli
- c) Byggðasafn og náttúrugripasafn Safnahúss Borgarfjarðar
- d) Tómsundaakstur úr Grunnskóla Borgarfjarðar í Borgarnes
- e) Vinnuskóli Borgarbyggðar
- f) Bókasafn og önnur söfn Borgarbyggðar

# Samstarfsverkefni

## Borgarbyggð og Skorradalshreppur

- Fræðslumál
- Frístundamál
- Félagsmál
- Safnamál
- Brunavarnir
- Húsnefnd Brúnar
- Vinnuskóli

## Samstarfsverkefni með öðrum svf.

- Almennavarnanefnd Borgarfjarðar og Dala
- Málefni fatlaðs fólks
- Barnavernd
- Fjallskil
- Slökkvilið
- Þróunarfélag Grundartanga

## Sveitarfélög á Vesturlandi

- Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi
- Heilbrigðiseftirlit Vesturlands\*
- Sóknaráætlun Vesturlands

\*ásamt Kjósahreppi



# Þjónustueiningar Borgarbyggðar

## Fræðslumál

Leikskólinn Andabær  
Leikskólinn Hnoðraból  
Leikskólinn Hraunborg  
Leikskólinn Klettaborg  
Leikskólinn Ugluklettur  
Grunnskóli Borgarfjarðar  
Grunnskólinn í Borgarnesi  
Frístund Borgarnesi  
Frístund Hvanneyri  
Frístund Kleppjárnsreykjum  
Tónlistarskóli Borgarfjarðar

## Félagsmál

Félagsstarf aldraðra  
Íbúðir aldraðra  
Búseta fyrir fatlað fólk  
Dagþjónusta fyrir fatlað fólk  
Fjöliðjan Borgarnesi  
Fjöliðjan Hæfing  
Skammtímavistun

## Tómstundir

Félagsmiðstöðin Óðal  
Íþróttamannvirki Varmalandi  
Íþróttamiðstöðin  
Kleppjárnsreykjum  
Íþróttamiðstöðin Borgarnesi

## Menningarmál

Félagsheimilið Brún (með Skorradalshreppi)  
Félagsheimilið Brúarás  
Félagsheimilið Lindartunga  
Félagsheimilið Logaland  
Félagsheimilið Lyngbrekka  
Félagsheimilið Þinghamar  
Félagsheimilið Þverárrétt  
Hjálmaklettur

# Þjónusta á vegum Skorradalshrepps

## Fræðslu- og félagsmál

Skólaakstur

Frístundastyrkir

Frítt fyrir börn, öryrkja og aldraða í sund og tækjasali í Borgarbyggð, í formi niðurgreiðslu frá Skorradalshreppi.

## Tæknimál

Skipulagsmál

Byggingareftirlit

Sorphirða

Tæming rotþróa

Snjómokstur

## Menningarmál

Félagsheimilið Brún (með Borgarbyggð)

**03**

# **Álit Skorradalshrepps og umsögn ráðuneytis**

# Lágmarksíbúafjöldi sveitarfélags

## Viðmið um íbúafjölda í sveitarfélögum

- Sveitarstjórnarlög kveða á um það markmið að íbúar í hverju sveitarfélagi verði ekki færri en 1.000.
- Markmiðið er sett fram með áherslu á að fjölmenn sveitarfélög eigi auðveldara með að veita íbúum sínum lögbundna þjónustu en fámenn sveitarfélög.
- Með lögbundinni þjónustu er átt við þjónustubætti á borð við rekstur grunnskóla, félagsþjónustu og þjónustu við fatlað fólk.
- Einnig eru fjölmennari sveitarfélög talin líklegri til að geta staðið undir sjálfbærri starfsemi en fámennari sveitarfélög.

## Kröfur til sveitarfélaga með færri en 250 íbúa

- Í því skyni að stuðla að 1.000 íbúa markinu hefur sveitarfélögum með undir 250 íbúa verið falið að hefja formlegar sameiningarviðræður eða skila álitum til innviðaráðuneytisins um getu sveitarfélagsins til að veita þjónustu og kosti sameiningar við annað eða önnur sveitarfélög.
- Skorradalshreppur skilaði álitum um stöðu sveitarfélaga með undir 250 íbúa 17. maí 2023
- Innviðaráðuneytið gaf umsögn um álitum í september 2023.

# Álit Skorradalshrepps: Sameiningarkostir

## Þeir sameiningarkostir sem kæmu helst til greina:

- Borgarbyggð
- Hvalfjarðarsveit
- Akranes

- Sameining við Borgarbyggð eða önnur sveitarfélög, mun ekki auka þjónustu, fjölbreytni í atvinnutækifærum, eða styrkja stjórnsýslu Skorradalshrepps.
- Við sameiningu yrði hagræðing í tengslum við yfirstjórn sveitarfélagsins, en ekki vegna annarra málaflokka.
- Litlar líkur eru á því að sú hagræðing myndi hafa áhrif á umbætur innan sveitarfélagsins.



- Hugsanlegar áskoranir í stjórnsýslunni
- Litlar líkur á að þjónusta við íbúa aukist

## Hvaða stjórnskipulag gæti komið til greina

- Heimastjórnir
- Ekki þarf að fjölga í sveitarstjórn

# Álit Skorradalshrepps: Lögbundin verkefni

01

## Fjölskylda, velferð og jafnrétti

- Samningur er við Borgarbyggð um félagsþjónustu
- Samningur á milli Borgarbyggðar, Dalabyggðar og Skorradalshrepps um málefni fatlaðs fólks
- Sveitarstjórn tekur á öðrum málum ef þau koma upp

02

## Húsnæðismál

- Sveitarfélagið hefur byggt íbúðarhúsnæði sé þörf á því. Á eitt íbúðarhúsnæði\*.
- Veittur er sérstakur húsnæðisstuðningur ef sótt er um hann og umsækjandi uppfyllir viðmið sbr. Samþykkt sveitarfélagsins.

03

## Börn og frístundir

- Samningur er við Borgarbyggð um leik- og grunnskólamál.
- Önnur málefni barna og unglinga eru á ábyrgð sveitarstjórnar, s.s. æskulýðsmál.

04

## Öryggismál

- Samningur er við Borgarbyggð um brunavarnir.
- Almannavarnir sameiginlegar á Vesturlandi.
- Sameining myndi ekki auka þjónustu við íbúa

05

## Umhverfismál, dýrahald o.fl.

- Sveitarfélagið býður út söfnun og eyðingu á sorpi og hreinsun rotþróa.
- Heilbrigðiseftirlit Vesturlands er sameiginlegt.
- Aðra þjónustu sér sveitarfélagið sjálft um, reynist þess þörf.

06

## Mannvirkja- og skipulagsmál

- Skipulagsfulltrúi og byggingafulltrúi hjá Skorradalshreppi.

\* Byggt á álitum Skorradalshrepps. Íbúðarhúsnæðið hefur verið selt.

# Skorradalshreppur: Umsögn innviðaráðuneytisins



## Sveitarfélagið

Í ársbyrjun 2023 bjuggu alls 75 íbúar í Skorradalshreppi.

Atvinnuhættir í Skorradalshreppi eru helst landbúnaður, m.a. skógrækt og einnig ferðamennska. Skorradalur deilir atvinnusóknarsvæði með Borgarbyggð og hluta Hvalfjarðarsveitar.



## Sameiningar

Öflugri stjórnýsla fjölmennara sveitarfélags hefði meiri slagkraft til að standa að veitingu þjónustu til íbúa.

Þá væri stuðlað að auknum áhrifum íbúa á mótun þjónustunnar, skýrari ábyrgð og hagkvæmni í rekstri.

Engir landfræðilegir farartálmar eru á milli Skorradals og Borgarbyggðar með tilliti til nútíma samgönguhátta.

## Samantekt

- Skorradalshreppur hefur falið Borgarbyggð að sjá um mikilvæga þjónustubætti fyrir hönd sveitarfélagsins. Ljóst er að slík útvistun dregur úr áhrifum sveitarfélagsins á þróun og veitingu þjónustunnar og rof verður á umboðskeðjunni á milli íbúa og kjörinna fulltrúa í sveitarfélaginu.
- Skorradalshreppur hefur ekki sett sér ýmsar lögbundnar stefnur og fram kemur í umsögninni að vanræksla sveitarfélagsins til að setja sér lögbundnar stefnur og áætlanir kann m.a. að fela í sér að íbúar þess njóti ekki sambærilegrar þjónustu og réttinda og íbúar annarra sveitarfélaga.
- Fram kemur í umsögninni að í ljósi álits frá Skorradalshreppi og skýrra markmiða sveitarstjórnarlaga, hvetur ráðuneytið sveitarfélagið til að huga að þeim tækifærum sem kunna að felast í sameiningu við önnur sveitarfélög.


# Umboðskeðjan

Sambandið á milli kjósenda, pólitískra fulltrúa og starfsmanna er gjarnan kallað umboðskeðja.

Þegar sveitarstjórn semur við aðra sveitarstjórn um að veita þjónustu felst oftast í því framsal valds til ákvörðunartöku, t.d. um reglur og fjárveitingar. Kjósendur hafa þá ekki bein áhrif á það hver tekur ákvarðanir sem varða þá.

Þá er talað um að umboðskeðjan sé rofin.

Myndin sýnir rof í umboðskeðju þar sem sveitarfélag B veitir íbúum sveitarfélags A þjónustu samkvæmt þjónustusamningi.





04

# Lýðfræðilegir þættir

# Íbúapróun

Íbúum á Vesturlandi hefur fjölgað mikið á síðustu árum. Hér til hliðar má sjá íbúapróun og spá fyrir Borgarbyggð og Skorradalshrepp.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands voru íbúar Borgarbyggðar 4.100 og íbúar Skorradalshrepps 52 þann 1.1.2024.

Mannfjöldaspáin byggist á húsnæðisáætlunum sveitarfélaganna en notast er við söguleg gögn frá Hagstofu Íslands varðandi íbúapróun.

## Íbúafjöldi 1.1.2024


Skorradalshreppur 52

Borgarbyggð 4.100

**Samtals 4.152**

Heimild: Hagstofa Íslands


## Íbúapróun og spá




Heimild: Söguleg gögn frá Hagstofunni og spá úr húsnæðisáætlunum sveitarfélaganna

# Aldurstré sveitarfélaganna 2024


## SKORRADALSHREPPUR



## BORGARBYGGÐ



## SAMEIGINLEGT



Heimild: Byggðastofnun

# Lýðfræðilegir veikleikar á Vesturlandi árið 2023

Mæling á lýðfræðilegum veikleikum er aðferðafræði sem er byggð á Nordregio Demography vulnerability index. Einkunnin er byggð á 10 mælikvörðum yfir lýðfræðilega veikleika sveitarfélaga t.d. aldursamsetningu, fæðingar- og dánartíðni.

Mælikvarðinn mælir hvort sveitarfélag sé öflugur og sjálfbær vettvangur lýðræðislegrar starfsemi skv. þingsályktunartillögu um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019-2033 og aðgerðaráætlun fyrir árin 2019-2023.

Mælikvarði á lýðfræðilega veikleika er einn af þeim þáttum sem stjórnvöld nota til þess að meta sjálfbærni sveitarfélaga. Stefnan er að sveitarfélög á Íslandi verði öflugar og sjálfbærar staðbundnar stjórnsýslueiningar og verði því meginstoð velferðar íbúanna.

Lýðfræðilegir veikleikar										
		Vesturl.	Akranes	Dalabyggð	Eyja- og Miklah.hr.	Grundafjarðarb.	Hvalfjarðars.	Snæfellsnes	Stykkishólmur	
Fæðingartíðni	<10,5	10,7	12,5	7,7	8,8	12,8	10,5	6,0		12,2
Dánartíðni	>8,9	8,8	7,5	18,4	8,8	8,1	9,2	8,3		14,5
Aðfluttir umfram brottflutta	<0	33,9	21,6	(11,4)	80,0	23,0	137,5	10,9		20,4
Hlutfall 0-14 ára	<17,3%	19,2	20,6	15,8	14,9	20,4	17,3	17,7		20,0
Hlutfall 15-24 ára	<12,0%	12,8	13,4	13,9	11,4	9,8	12,3	13,8		11,2
Hlutfall 25-54 ára	<39,1%	39,1	39,3	33,7	28,9	40,2	37,9	40,2		38,6
Hlutfall 55-64 ára	>12,0%	11,9	9,9	15,6	21,9	15,1	16,5	13,7		12,2
Hlutfall eldri en 64 ára	>19,5%	17,1	16,8	21,0	22,8	14,5	16,1	14,7		17,9
Konur - Karlar	<0	47,7	47,9	47,8	54,4	47,5	44,4	469,0		47,8
Fjöldi kvenna á móti 100 körlum (15-64 ára)	<93	88,9	86,9	93,9	108,8	99,3	74,3	83,4		93,8
<b>Fjöldi veikleika</b>		<b>2</b>	<b>1</b>	<b>7</b>	<b>6</b>	<b>2</b>	<b>5</b>	<b>3</b>		<b>4</b>

Heimild: Byggðastofnun. Lýðfræðilegir veikleikar eru auðkenndir með feitletrun

# Lýðfræðilegir veikleikar 2023

- Á Vesturlandi eru lýðfræðilegir veikleikar tveir talsins
- Lýðfræðilegir veikleikar eru sex hjá Skorradalshreppi og því yfir meðaltalinu á Vesturlandi.
  - Fæðingartíðni
  - Dánartíðni
  - Hlutfall 14-24 ára
  - Hlutfall 25-54 ára
  - Hlutfall 55-64 ára
  - Hlutfall eldri en 64 ára
- Lýðfræðilegir veikleikar eru þrír hjá Borgarbyggð.
  - Fæðingartíðni
  - Hlutfall 25-54 ára
  - Fjöldi kvenna á móti 100 körlum (15-64 ára)

Lýðfræðilegir veikleikar				
		Vesturl.	Borgarbyggð	Skorradalsh.
Fæðingartíðni	<10,5	10,7	<b>9,0</b>	<b>0</b>
Dánartíðni	>8,9	8,8	8,1	<b>13,3</b>
Aðfluttir umfram brottflutta	<0	33,9	51,6	40,0
Hlutfall 0-14 ára	<17,3%	19,2	17,5	18,7
Hlutfall 15-24 ára	<12,0%	12,8	12,5	<b>10,7</b>
Hlutfall 25-54 ára	<39,1%	<b>39,1</b>	39,6	<b>32,0</b>
Hlutfall 55-64 ára	>12,0%	11,9	<b>12,3</b>	<b>16,0</b>
Hlutfall eldri en 64 ára	>19,5%	17,1	18,1	<b>22,7</b>
Konur - Karlar	<0	47,7	47,8	54,7
Fjöldi kvenna á móti 100 körlum (15-64 ára)	<93	<b>88,9</b>	<b>92,6</b>	175,0
<b>Fjöldi veikleika</b>		<b>2</b>	<b>3</b>	<b>6</b>

Heimild: Byggðastofnun. Lýðfræðilegir veikleikar eru auðkenndir með feitletrun

**05**

# Fjárhagur

# Almennt um fjármál sveitarfélaga



Fjárhagsleg viðmið í lögum og reglugerðum:

## Jafnvægisregla

„Samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum.“

## Skuldaregla

„Heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum.“

## Fjármál sveitarfélagsins skiptast í A- og B-hluta

- **A-hluti:** starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum.
- **B-hluti:** fyrirtæki sem eru í eigu sveitarfélagsins og eru rekin sem sjálfstæðar einingar.



## Meginregla um ábyrga fjármálastjórnun

Samkvæmt 64. gr. sveitarstjórnarlaga ber sveitarstjórn að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum.

# Lágmarksviðmið eftirlitsnefndar sveitarfélaga


Eftirlitsnefnd sveitarfélaga hefur gefið út viðmið um nokkrar fjárhagslegar lykiltölur sveitarfélaga miðað við skuldastöðu sem hlutfall af reglubundnum tekjum (skuldaviðmið).

Ef sveitarfélag nær ekki viðmiðunum er það talin vísbending um að sveitarfélagið eigi í erfiðleikum með að standa undir skuldbindingum sínum.

Lágmarksviðmið Eftirlitsnefndar					
Skuldaviðmið	50%	100%	150%	200%	250%
Framlegð / tekjur	5,0%	10,0%	15,0%	20,0%	25,0%
Rekstrarniðurstaða	>0	>0	>0	>0	>0
Veltufé / tekjur	2,5%	5,0%	7,5%	10,0%	12,5%
Veltufé / afb. lána og skuldbindinga	>1,0	>1,0	>1,0	>1,0	>1,0



# Borgarbyggð árið 2023



4.100

Íbúafjöldi



14,6%

Veltufé frá rekstri

Skuldaviðmið

34%

Skuldahlutfall

84%

Veltufjárhlutfall

1,78


Eiginfjárhlutfall

52,2%

384.619

Rekstrarniðurstaða

Jafnvægisregla



303


Stöðugildi

375

Starfsmenn

Heimild: Ársreikningur sveitarfélagsins 2023

# Skorradalshreppur árið 2023



52

Íbúafjöldi



Skuldaviðmið

11%

Skuldahlutfall

35%

Veltufjárhlutfall

1,10


Eiginfjárhlutfall

56,7%

40.037

Rekstrarniðurstaða

Jafnvægisregla



25,8%

Framlegð sem hlutfall af tekjum



0

Stöðugildi


0

Starfsmenn

Heimild: Ársreikningur sveitarfélagsins 2023

# Skattar og gjöld 2024

- Útsvar er 13% í Skorradalshreppi en 14,97% í Borgarbyggð. Mismunurinn er 1,49 prósentustig sem jafngildir 15,2% af 13%.
- Fasteignaskattur A er hærri hjá Skorradalshreppi og nemur 0,45% af heildarfasteignamati en hjá Borgarbyggð er álagningin 0,35%.
- Fasteignaskattur C er 1,39% af fasteignarmati hjá Borgarbyggð en nemur 1,28% hjá Skorradalshreppi.
- Síðasti dálkurinn sýnir það álagningarhlutfall sem þarf til að ná samanlögðum tekjum sveitarfélaganna af útsvari og fasteignaskatti miðað við forsendur ársins 2023.



Gjaldskrá	Borgarbyggð	Skorradalshreppur	Sameinað
Útsvar	14,97%	13,00%	14,94%
Fasteignaskattur A (íbúðarhúsnæði) <sup>1</sup>	0,35%	0,45%	0,36%
Fasteignaskattur B (opinberar byggingar) <sup>1</sup>	1,32%	1,32%	1,32%
Fasteignaskattur C (atvinnuhúsnæði) <sup>1</sup>	1,39%	1,28%	1,39%
Lóðarleiga íbúðarhúsnæði <sup>1</sup>	1,50%	1,50%	1,50%
Lóðarleiga atvinnuhúsnæði <sup>1</sup>	2,00%	-	2,00%
Gjald fyrir sorphirðu og –eyðingu (íbúðarhús)	kr. 99.480	kr. 28.000	
Rotþróargjald (6000 l rotþró)	kr. 15.577	kr. 8.673 <sup>2</sup>	-

<sup>1</sup> Reiknast sem hlutfall af fasteignarmati eignar

<sup>2</sup> 50% af fullu gjaldi skv. gjaldskrá vegna leiðréttingar á innheimtu.

# Samanburður á útsvari og ráðstöfunartekjum 2024



**Skorradalshreppur**

**13,00%**



**Borgarbyggð**

**14,97%**

**Mismunur**

**15,2%\***

**Forsendur**

**Útsvarsprósenta**

Mánaðarlaun kr. 850.000

Greidd laun á ári

7.128.166

6.943.301

184.865

Staðgreiðsla á ári

2.255.834

2.440.699

Mánaðarlaun kr. 600.000

Greidd laun á ári

5.353.146

5.232.653

130.493

Staðgreiðsla á ári

1.260.854

1.391.347

\*Mismunurinn er 1,49 prósentustig sem jafngildir 15,2% af 13%.

# Samanburður gjalda á lögbýli og sumarhús



- Álagningarhlutfall fasteignaskatts (A) er hærra í Skorradalshreppi en í Borgarbyggð.
- Gjald fyrir tæmingu rotþróar er lægra í Skorradalshreppi en í Borgarbyggð árið 2024 vegna leiðréttingar á innheimtu.
- Gjöld fyrir úrgangslosun eru umtalsvert lægri í Skorradalshreppi en í Borgarbyggð.

Lögbýli <sup>1</sup>	Fasteignamat	Borgarbyggð	Skorradalshreppur	Mismunur
Íbúðarhús	49.750.000	174.125	223.875	49.750
Íbúðarhúsalóð	10.100.000	35.350	45.450	10.100
Útihús	17.193.000	60.176	77.369	17.193
Land	7.510.000	26.285	33.795	7.510
Rotþró	6000 l	15.570	8.673	-6.897
Úrgangslosun		99.480	28.000	-71.480
<b>Fasteignamat/álagning</b>	<b>84.553.000</b>	<b>410.986</b>	<b>417.162</b>	<b>6.176</b>

Sumarhús	Fasteignamat	Borgarbyggð	Skorradalshreppur	Mismunur
Sumarhús	23.430.000	82.005	105.435	23.430
Sumarhúsalóð	2.620.000	9.170	11.790	2.620
Rotþró	6000 l	15.577	8.673 <sup>2</sup>	-6.904
Úrgangslosun		41.500	16.500	-25.000
<b>Fasteignamat/álagning</b>	<b>26.050.000</b>	<b>148.252</b>	<b>142.398</b>	<b>-5.854</b>


<sup>1</sup> Miðað er við býli án búskapar/skepnuhalds

<sup>2</sup> Um er að ræða 50% af fullu gjaldi skv. gjaldskrá vegna leiðréttingar á innheimtu.

# Fasteignamat 2024

- Viðmiðunareign samkvæmt skilgreiningu Byggðastofnunar er einbýlishús sem er 161,1 m<sup>2</sup> og 476 m<sup>3</sup> á 808 m<sup>2</sup> lóð.
- Heildarfasteignamat er samanlagt verðmat fasteignar og lóðar og er mismunandi eftir matssvæðum. Innan Borgarbyggðar eru þrjú matssvæði.
- Fasteignamat viðmiðunareignar á Vesturlandi er að meðaltali 46,3 m.kr.
  - Í Skorradalshreppi nemur fasteignamatið 43,2 m.kr. og húsmat nemur 36,5 m.kr.
  - Borgarbyggð er á bilinu 29,2 – 62,2 m.kr. og húsmat er á bilinu 25,7 – 54,1 m.kr.

Fasteignamat (þ.kr.)



Heimild: Byggðastofnun

**06**

**Niðurstöður frá  
Íbúafundum  
28. febrúar 2024**

# Niðurstöður íbúafundar- Borgarbyggð

- Víðfeðmt sveitarfélag
- Upplýsingaflæði
- Fjölbreytni atvinnulífs

- Náttúruauðlindir
- Áframhaldandi uppbygging
- Þjónustustigið
- Varðveita náttúruna
- Menning, hefðir og sérkenni

**Kostir**

**Ókostir**

**Mikilvægast  
að breyta**

**Mikilvægast  
að halda í**

- Góð og fjölbreytt þjónusta fyrir alla aldurshópa
- Staðsetning, í nálægð við höfuðborgina
- Náttúra
- Atvinnutækifæri

- Samgöngur milli þéttbýliskjarna
- Bæta innviði sveitarfélagsins
- Fjölbreyttari atvinnutækifæri
- Fjölga íbúum



# Niðurstöður íbúafundar- Skorradalshreppur

- Skortur á þjónustu fyrir alla aldurshópa íbúa
- Stjórnsýsla
- Fámennt
- Upplýsingaflæði

- Ákvörðunarvald er hjá íbúum
- Friðsældina
- Þjónustuna sem Borgarbyggð býður uppá
- Snjómokstur
- Stjórn skipulagsmála

## Kostir

## Ókostir

## Mikilvægast að breyta

## Mikilvægast að halda í

- Stutt í alla þjónustu hjá Borgarbyggð
- Umhverfi, náttúra og friðsældin
- Fólkið
- Fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu
- Ákvörðunarvald er hjá íbúum

- Tryggja þjónustu til allra íbúa
- Stjórnsýsla
- Samskipti
- Verða hluti að stærra sveitarfélagi
- Fleiri íbúa í dalinn
- Ótímabundna samninga við Borgarbyggð


**07**

**Bein áhrif  
sameiningar á  
fjárhag**

# Framlög Jöfnunarsjóðs

Úthlutun framlaga vegna kostnaðar sem hlýst af vinnu vegna könnunar á hagkvæmni sameiningar, kynningar á sameiningartillögu og framkvæmd atkvæðagreiðslu samkvæmt a-lið 1. gr. reglna nr. 782/2020 um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðssveitarfélaga.

Við mat á því hvað telst vera eðlilegur kostnaður við vinnu vegna undirbúnings sameiningar er tekið mið af eftirfarandi viðmiðunarfjárhæðum:



Jöfnunarsjóður hefur samþykkt að Borgarbyggð og Skorradalshreppi verði veitt allt að 9,1 m.kr. vegna könnunarviðræðna sveitarfélaganna. Verði af formlegum viðræðum verður sótt um aukið framlag.

# Sameiningarframlög miðað við ársreikninga 2023

Ef sveitarfélögin sameinast greiðir Jöfnunarsjóður sveitarfélaga framlög til viðbótar við þau framlög sem sveitarfélögin njóta í dag vegna sameiningarinnar. Samkvæmt áætlun Jöfnunarsjóðs sem miðast við stöðu sveitarfélaganna samkvæmt ársreikningum ársins 2023 væri um að ræða um 341 m.kr.

Framlögin yrðu greidd út á sjö ára tímabili samkvæmt nánara samkomulagi við Jöfnunarsjóð.

	Skýring	Borgarbyggð	Skorradalshreppur	Samtals
Skuldajöfnunarframlag	Til að jafna skuldastöðu sveitarfélaganna, greiða niður skuldir eða draga úr lántöku.	130 m.kr.	1 m.kr.	131 m.kr.
Fast framlag	Til að standa straum af kostnaði við sameininguna sjálfa.	100 m.kr.	100 m.kr.	200 m.kr.
Byggðaframlag	Vegna neikvæðrar íbúapróunar síðustu fimm ár frá sameiningarári.	0 m.kr.	10 m.kr.	10 m.kr.
<b>Samtals</b>		<b>230 m.kr.</b>	<b>111 m.kr.</b>	<b>341 m.kr.</b>

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

# Áætluð breyting á framlögum Jöfnunarsjóðs 2024

Samkvæmt áætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem gerð er á grundvelli ársreikninga sveitarfélaganna fyrir árið 2023 myndu útgjaldajöfnunarframlög hækka um 2,5 m.kr. á ári við sameiningu. Hvorugt sveitarfélaganna fær tekjújöfnunarframlög.

Sveitarfélag	Tekjújöfnun	Útgjaldajöfnun	Samtals
Borgarbyggð	0	739.646.292	739.646.292
Skorradalshreppur	0	0	0
<b>Samtals</b>	<b>0</b>	<b>739.646.292</b>	<b>739.646.292</b>
Sameinað sveitarfélag	0	742.180.223	742.180.223
<b>Mismunur</b>	<b>0</b>	<b>2.533.931</b>	<b>2.533.931</b>

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

**08**

# **Samantekt**

# Framtíðarsýn – áhrif sameiningar



## Stjórnsýsla



## Þjónusta



## Fjárhagur

	<b>Íbúar Borgarbyggðar</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Áhrif íbúa verða óbreytt</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Þjónusta breytist líklega lítið eða ekki</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Ólíklegt að gjaldskrár breytist.</li> </ul>
	<b>Íbúar Skorradals-hrepps</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Umboðskehja órofin - bein þátttaka í kjöri þeirra sem taka ákvarðanir</li> <li>Skilvirkari stjórnsýsla</li> <li>Skipulags- og byggingarmál færast á stærri vettvang</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Aðgangur að þjónustu sem ekki fellur undir þjónustusamning, t.d. líkamsrækt fyrir eldri borgara (Janusarverkefni)</li> <li>Þjónusta til íbúa verður tryggð.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Fasteignaskattar myndu líklega lækka</li> <li>Sorphirðugjöld myndu líklega hækka</li> <li>Útsvar mun líklega hækka</li> </ul>
	<b>Saman</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Fulltrúum í sameiginlegum stjórnun og ráðum mun líklega fækka</li> <li>Minna flækjustig í stjórnsýslu</li> <li>Tími starfsmanna nýtist betur í þjónustu frekar en fundahöld í samstarfsverkefnum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Meira jafnræði þjónustu</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Jöfnunarframlög hækka lítillega</li> <li>Sameiningarframlög 341 m.kr. til lækkunar skulda eða til fjárfestinga</li> <li>Tekjur af fasteignasköttum geta lækkað</li> <li>Kostnaður vegna launa nefnda og sveitarstjórna lækkar.</li> <li>Aðkeypt þjónusta lækkar, svo sem vegna skipulags- og byggingafulltrúa</li> <li>Lækkun uppgjörskostnaðar (áætlunargerð og ársreikningur)</li> </ul>

**KPMG**





09

# Viðauki

Niðurstöður íbúafunda

# Niðurstöður íbúafundar í Skorradals- hreppi

Hverjir eru helstu  
kostir þess að búa  
í Skorradalshreppi

Þjónusta	Umhverfi og fólk
Stutt í alla þjónustu hjá Borgarbyggð	Dásamlegt umhverfi
Góð sundlaug	Skorradalsvatn, vannýtt matarkista
Góð þjónusta frá Borgarbyggð	Fegurð
Stutt til höfuðborgarinnar	Náttúrufergurð, Hreppslaug
Stutt í næsta sveitarfélag í alla þjónustu	Hæfileikaríkir íbúar
Snjómokstur	Góðir grannar!
	Miklir möguleikar í samstarfi við sumarhúsaeygendur
	Náttúran
	Friðsæld og fegurð
	Fullveldið nálægt íbúum

Hverjir eru helstu  
ókostir þess að búa í  
Skorradalshreppi ?

Þjónusta	Stjórnsýsla
Fámennið, skortur á þjónustu	Fáir úr að velja til að stýra sveitarfélaginu
Sá tímapunktur kemur að Borgarbyggð segir nei við áframhaldandi þjónustu við Skorradal, hvað gerum við þá ?	Ekkí mikjð lýðræði
Háð nágrannasveitarfélögum með alla þjónustu	Getum gert svo margt, en samstöðuna vantar
Öll þjónusta í Borganesi	Sumir íbúar fastir í gömlum hefðum sem truflar framtíðarsýnina
Lítill sem engin þjónusta við barnafólk, þarf að sækja í annað sveitafélag fyrir það	Of mikil undirgefni í samningum
Alltof háð öðru sveitafélagi	Of mikil undirgefni í samningum
Þjónustan í dalnum fyrir börn, fullorðna og aldraðra er í raun enginn þar sem þjónustan er aðkeypt og ekki tryggt að hún verði alltaf jafn auðfengin.	Sumir sjá ekki framtíðina sem felst í tækifærum svæðisins
Ítill áhugi hjá fólki að flytja í Skorradalinn að öllu leyti útaf ótryggri þjónustu	Upplýsingaflæði frá stjórnsýslu til íbúa mætti vera markvissari
	Skortur á beinu lýðræði
	Það vilja margir flytja hingað en mæta andstöðu
	Þeir sem ekki búa í sveitarfélaginu og vilja stjórna fyrir þá sem búa í sveitarfélaginu

Hverju finnst mér  
mikilvægast að  
brevta ?

Þjónusta	Stjórnsýsla
Gera ótímabundna samninga við Borgarbyggð	Að sameinast borgarbyggð sem fyrst því þetta er algjört rugl að gera þetta sveitafélag ut
Að öll þjónusta verði trygg og óvissunni eytt.	Að fólk veljist í Hreppsnefnd sem hafa áhuga á veru sinni þar
Tryggja þjónustu við íbúa á öllum aldri með því að sameinast	Að sameinast Borgarbyggð
Tryggja þjónustu við íbúa á öllum aldri með því að sameinast	Nýja hreppsnefnd
Að börn myndu fá greiðan aðgang að þjónustu Borgarbyggðar til framtíðar.	Að sameinast borgarbyggð sem fyrst því þetta er algjört rugl að gera þetta sveitafélag ut
Að þjónusta íbúanna verði tryggð til frambúðar	Stórn hreppsins
Að hlustað verði á okkur sem viljum fá þjónustu sem við eigum rétt á og þurfum ekki að lifa í þessari óvissu í framtíðinni.	Að Sameinast Borgarbyggð. Einfalt
Koma Skorradal inn í framtíðina með sameiningu við sveitafélag sem býður upp á góða þjónustu	Fara í nýtt sveitafélag.
	Að fólk sjái hag sinn að sameinast Borgarbyggð
	Að stöðva sjálfstöku einstakra sveitarstjórnarfulltrúa úr sveitarsjóði.

Hvað finnst mér mikilvægast að  
halda í ?

Umhverfi og fólk	Stjórnsýsla	Þjónusta
Mengunarleysið og kyrrðina	Framsýnt fólk í sveitarstjórn sem vill framfarir með því að kanna hug íbúa til sameiningar	Góða þjónustu við snjómokstur
Friðsældina	Nándina við ákvarðanirnar	Að hafa topp snjómokstur
Kyrrðina	Valdið í skipulagsmálum	Þá góðu þjónustu sem nú er, svo sem þjónustu Borgarbyggðar, snjómokstur, sorphirðu ofl
Skemmtilega fólkið sem er í þessum fallega dal	Stjórn skipulagsmála innan hreppsins	
Næðið - ró og frið	Að hafa bein áhrif	

# Niðurstöður Íbúafundar í Borgarbyggð

Hverjir eru helstu kostir þess að búa í Borgarbyggð ?		Hverjir eru helstu ókostir þess að búa í Borgarbyggð ?		Hverju finnst mér mikilvægast að breyta ?		Hvað finnst mér mikilvægast að halda í ?		
Þjónusta	Umhverfi og fólk	Þjónusta	Stjórnsýsla	Þjónusta	Stjórnsýsla	Umhverfi og fólk	Stjórnsýsla	Þjónusta
Góð þjónusta, frábær náttúra og stutt í frekari þjónustu	Fjölbreytt náttúra	Fámennið, skortur á þjónustu	Ákvörðunartaka sveitarstjórnar	Bæta samgöngur við Subúrland, höfuðborgina og Snaefellsnes	Hagraða í rekstri og auka tekjur til að geta farið í þá innviða uppbyggingu sem íbúar vilja.	Varðveita náttúruna	Framfarahugsjónir	Þjónustu í dreifbýli.
Góð þjónusta við alla aldurshópa.	gott samfélag og falleg náttúra	Vantar almennilegt íþróttahús strax í Borgarnesi. Núverandi aðstaða og félir barnafólk frá	Sveitastjórn mætti hlusta betur á raddir íbúa, nýta sér t.d. niðurstöður íbúafundi	Bæta samgöngur innan sveitarfélagsins þ.e. vegi	Efla kynningarstarf til að hvetja fólk til að flytja í sveitafélagið	Náttúruauðindir	Gott samstarf	Þjónustustigið
Frábær staðsetning stutt í höfuðborgina	Náttúran og aðgengi að fjölbreyttu umhverfi	Víðfemt sveitarfélag og þar af leiðandi flóknara að veita þjónustu.	Samskipti milli íbúa og sveitastjórnar.	Gera betur í að búa til starfsaðstöðu fyrir stórf án staðsetningu	Auka jákvæða umræðu.	Gleðina!	Halda sérkennum sveitarfélagsins t.d hreppa nöfnin	Halda áfram eflingu félagsmiðstöðvar og félagsheimila
Góð þjónusta		Fjarskipt ekki nægjanlega góð þ.e. Gsm	Ákvarðanartökur þegar kemur að húsnæðismálum tengdum Borgarbyggð	Bæta innviðina, Skólahúsnæði, leikskóla og íþróttaðstöðu	Hlusta á íbúana		Heiti áfram Borgarbyggð	Menning og hefðir innan svæða.
Flest öll þjónusta í boði		Víðkvæmt atvinnulíf, mætti vera fjölbreyttara		Bæta samgöngur	Hugsa til framtíðar og byggja fjölnotahús hjá björgunarsveitahúsinu eða á Solbakka þar sem framtíðar bygginga svæði er			Áframhaldandi uppbyggingu á slökkviliði borgarfjarðar og því góða starfi sem þar er.
Dvalarheimili		Landstórt og því dreifbýli dýrt að veita þjónustu		Samgöngur milli þéttbýliskjarna	Fjölga íbúum			Allar skólastofnanir (starfstöðvar).
Góðir leik- og grunnskólar		Hátt fráveitu og vatnsgjald í þéttbýlinu		Byggja nýtt knattús + íþróttahús sem fyrst til að auka samkeppniþæfi bæjarins við önnur sveitarfélög. Dyr framkvæmd en skilar sér alltaf tilbaka í betra samfélagi.	Viðhalda húsnæði sveitafélagsins			
Fullveldið nálægt íbúum		Há sorphirðugjöld...40 þúsund fyrir grenndargáma á ári per hús		Koma Skorradal inn í framtíðina með sameiningu við sveitafélag sem býður upp á góða þjónustu				
Mikil og góð þjónusta		Er frekar talið lágláunsvæði og fjölgun íbúa etv hægar hér en annarsstaðar og þar spila inni háar álögur sérstaklega fráveita og fasteignagjöld. Lækka þessi gjöld til að vera samkeppnisfær		Bæta við atvinnutækifærum				
Gott samfélag með fjölbreytta þjónustu		Há fasteignagjöld		Óboðlegar aðstæður fyrir börn til að stunda knattspyrnu og aðrar íþróttir yfir veturinn.				
Íþróttahús og svæði til fjölbreyttrar íþróttakunar				Vantar fleiri búsetuúrræði fyrir eldri borgara.				
Góðir skólar				Bæta aðstæður fyrir landbúnað í héraðinu að eflast				
Öll skólastig				Auka framboð á húsnæði				
Gott ástand í fráveitumálunum								
Fjölbreytt atvinnutækifæri								